

BORGARRÁÐ 13. október 2022: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um öryggismyndavélar á leikvöllum – MSS22100128

Flokkur fólksins leggur til að borgarráð samþykki að fela skóla og frístundasviði að vinna að, í samráði við skólasamfélagið, að komið verði upp öryggismyndavélum á leikvöllum barna á vegum borgarinnar.

Greinargerð:

Ógn ytra ofbeldis af alls kyns toga er sífellt að færast í aukana og því mikilvægt að leita allra leiða til að tryggja börnum fyllsta öryggi í borginni hvar sem er. Það er þekkt að þeir sem vilja skaða börn leita iðulega á staði og á svæði sem finna má börn. Börnin í borginni verða að geta verið örugg á leiksvæðum. Vissulega kemur myndavél ekki í veg fyrir að glæpur sé framinn en myndavél hefur fælingarmátt og gerist eitthvað er hægt að skoða atburðarás í myndavél og hver var aðili/aðilar í málinu. Í Reykjavíkurborg eru hvergi myndavélar á leiksvæðum barna svo vitað sé. Þetta á jafnt við um leiksvæði sem eru eldri sem og nýuppgerð.